

Ed.

524. Nefndarállt

um frv. til laga um breytingar á og viðauka við lög nr. 74, 27. júní 1921, um tekjuskatt og eignarskatt.

Frá fjárhagsnefnd.

Nefndin leggur til, að frv. sje samþykkt með allverulegum breytingum. Ákvæðið um varasjóðinn telur nefndin til bóta, lítur svo á, að í því felist allmikil hvöt fyrir fjelögin til þess að tryggja fjárhagslega framtíð sína, en á því hefir undanfarið verið allmikill brestur. Atvinnuvegur þessi er svo áhættusamur, en hefir jafnframt svo verulega þýðingu fyrir fjárhagslega framtíð þjóðarinnar, að full nauðsyn er á því, að löggjöfin með ákvæðum sínum ýti undir varfærni í þessum atvinnuvegi eftir því, sem hægt er. Samkvæmt þessu vill nefndin fara enn lengra í þessa átt, með því að leggja til, að $\frac{1}{3}$ af því, sem er lagt í varasjóðinn, verði skattfrjáls. Að því er aftur á móti ákvæði frv. snertir um 3 ára meðaltalsregluna, þá getur nefndin ekki fallist á það. Með varasjóðsákvæðinu er ýtt undir fjelögin að leggja fje til hliðar á góðu árunum, en með meðaltalsreglunni leggja þau skuld til hliðar á góðu árunum, sem gæti orðið erfitt að greiða þegar vondu árin koma. Og auðvitað er það, að ríkissjóður missir með þessu móti tekjuskatt hjá þeim fjelögum, sem verða síðar gjaldþrota, en sem vel hefðu getað galdið skatt meðan góðærið var eftir ákvæðum núgildandi laga. Í ár myndi ríkissjóður samkvæmt meðfylgjandi reikningi skattstofunnar missa 628428 kr., og er þó ekki varasjóðsákvæðið tekið til greina, en með því mundi upphæð þessi verða allmiklu hærri. Hve mikið af skatti þessum kæmi síðar inn, er ekki hægt að segja með neinni vissu, en allmikið kæmi þó í ríkissjóðinn aftur, þó reglan auðvitað mundi að því leyti draga úr skattinum, að skattur samkvæmt hærri stigum skattstigans minkaði, en vegna þess er þessi regla ekki nauðsynleg, því henni mætti ná alveg eins með því að hækka skattstigann. Nefndin lítur svo á, að 3 ára reglan sje óhagstæð fyrir ríkissjóð og einnig að því leyti óheppileg fyrir fjelögin, að þau á vondu árunum verði að greiða nokkuð af tekjuskatti frá góðu árunum.

Nefndin leggur einnig til, að 2. gr. sje feld úr frv.

Þá virðist nefndinni full ástæða til, að stjórnin taki tekjuskattslögin til gagngerðrar endurskoðunar. Einn nefndarmanna (B. K.) er að vísu meðmæltur 3 ára reglunni, en eftir því, sem atvik nú liggja til, vill hann ekki gera ágreining við nefndina. 2 nefndarmanna (J. J. og I. P.) kysu að vísu fremur annað fyrirkomulag viðvíkjandi varasjóðsaukanum, en hafa til samkomulags fallist á breytinguna.

Samkvæmt framansögðu leggur nefndin til, að gerðar verði á frv. eftirfarandi

BREYTINGAR.

1. Við 1. gr.
 - a. a-liður falli burt. Liðatalan breytist samkvæmt því.
 - b. Fyrir $\frac{1}{4}$ hluti í c-lið komi: $\frac{1}{8}$ hluti.
2. 2. gr. falli burt.

Alþingi, 10. maí 1925.

Sig. Eggerz, Jónas Jónsson. Björn Kristjánsson.
form., frsm.

Jóhann P. Jósefsson. Ingvar Pálmason,
skrifari.

Fylgiskjal.

SKATTSTOFAN.

Reykjavík, 5. maí 1925.

Ár:	Skattur eftir gild. lögum	Skattur eftir stjfrv. 1925	Mismunur
1922	28899	26029	2870
1923	43974	32056	11918
1924	919770	306130	613640
Samtals...	992643	364215	628428

40 innlend hlutafjelög alls, þar af 6 tekjuskattslaus öll árin.